

Mál nr. 290/2008

M

og

Vátryggingafélagið v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Skemmdir á hurð í Oddskarðsgöngum 07.04. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 09.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.01. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið um göngin. Talsverðar skemmdir urðu á hurð ganganna. Ökumaður A heldur því efnislega fram að bilun hafi verið í stýrisbúnaði hurðarinnar og að hurðin hafi fyrirvaralaust fallið niður á bifreiðina þegar hún var hálfnuð í gegnum gangaopið.

M telur að rekja megi skemmdir á hurðinni til notkunar bifreiðarinnar sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu. M telur að fyrirliggjandi gögn bendi ótvírætt til þess að hurðin hafi “ekki verið komin nægilega langt upp þegar bílnum var ekið undir hana eða þá að hún hafi verið lögð af stað niður þegar keyrt var í gegn”.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ljóst að hurðin lenti á miðjum gámnum sem bifreiðin var með í eftirdragi. Það telur “útilokað að hurðin hafi verið á leið upp þar sem stærstur hluti gámsins var kominn í gegnum hurðina. Þá er jafnframt afar ólíklegt að hurðin hafi verið á leið niður þegar ekið var í gegnum hurðina því þá hefði hún verið komin miklu fyrr niður heldur en á miðjan gáminn sem var í eftirdragi....”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjón á hurðinni til notkunar bifreiðarinnar skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ósannað er að hurðin hafi bilað þ. á m. fallið á bifreiðina.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.